



Stjórn SSH 375. fundur

Mánudaginn 5. mars 2012 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Jón Gnarr Kristinsson, Guðmundur Rúnar Árnason, Ármann Kr. Ólafsson og Guðný Ívarsdóttir. Pálmi Mátsson var fjarstaddur, varamaður hans, Snorri F. Finnbjörnsson sat fundinn í hans stað. Ennfremur sat fundinn S. Björn Blöndal aðstoðarmaður borgarstjóra. Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Samráðsfundur með lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins

Stefán Eiríksson lögreglustjóri og Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri mættu á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Umræður

Stefán fór yfir samantekt yfir ýmsa þætti í starfi lögreglunnar á árinu 2011, þróun mála og ýmsar lykiltölur og árangursmælinga. Sömu leiðis var farið yfir þróun og vöxt skipulagðrar brotastarfsemi á höfuðborgarsvæðinu.

Niðurstaða:

Ákveðið að halda annan samráðsfund fyrir sumarleyfi

2. Sorpu bs. – undirbúningur að vali á nýjum urðunarstað

Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. og Árni Gerisson og Halldóra Hreggviðsdóttir frá verkfræðistofunni Alta sátu fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum lá bókun stjórnar Sorpu bs. frá 3. október sl. varðandi málið

Fulltrúar Alta fóru yfir og kynntu verkáætlun um uppfærslu á staðarvalshugmyndum fyrir urðun úrgangs og tímaáætlun fyrir verkefnið, en gert er ráð fyrir að því ljúki á næstu 2 vikum.

Undir þessum dagskrárlið lá ennfremur fyrir bókun bæjarráðs Mosfellsbæjar frá 27.02. 2012 vegna erindis íbúasamtaka Leirvogstungu vegna lyktarmengunar í Mosfellsbæ. Í þeirri bókun lýsir bæjarráð m.a. ört vaxandi áhyggjum sínum vegna starfsemi Sorpu bs. í Álfnesi og vonbrigðum með að vinna Sorpu bs. við skoðun á möguleika á nýjum urðunarstað sé ekki lengra á veg komin.



Haraldur Sverrisson ítrekaði ofangreinda bókun bæjarráðs Mosfellsbæjar á fundinum og áréttaði mikilvægi þess að vel takist til við úrvinnslu og lausn mála.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH leggur áherslu á að mál þetta verði unnið eins hratt og mögulegt er og reiknar með árfamhaldandi samstarfi við SSH á öllum vinnslustigum sbr. framangreinda bókun stjórnar Sorpu frá 3. október sl.

3. Framtíðarhópur SSH

Eftirfarandi mál er varða vinnu framtíðarhóps SSH lágu fyrir fundinum:

- a) Stöðusamantekt vegna verkefna framtíðarhópsins, framvinda verkefna og næstu skref.
- b) Tillaga að skipun stýrihóps v. áframhaldandi úrvinnslu á vinnu verkefnahópa SSH og tengingu þeirra verkefna o.fl. við þjónustubátt í gerð sóknaráætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið.

Stjórn SSH samþykkti tillögu um skipan stýrihópsins.

- c) Minnisblað vegna vinnu atvinnuhóps SSH v. undirbúnings á umsóknum um Evrópustyrki og skyld verkefni.
- d) Minnisblað framkvæmdastjóra og glærur vegna niðurstöðu sameiginlegs fundar rýnihóps svæðisskipulags og formanna skipulagsráða /-nefnda sveitarfélaganna, þar sem fram kemur að rýnihópurinn mun ganga frá formlegum tillögum sínum vegna samstarfs sveitarfélaganna um vinnslu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins á næstu 1 – 2 vikum.
- e) Minnisblað framkvæmdastjóra vegna skrifstofu SSH – verkefnastaða og umræður um framtíðarfyrirkomulag og mönnun.

Stjórn samþykkti tillögu framkvæmdastjóra um tímabundna ráðningu starfsmanns vegna frágangs á skjalasafni, heimasíðu o.fl., enda verði slíkt í samvinnu við VMS. Sömuleiðis samþykkt að hafin verði skoðun á framtíðarfyrirkomulegi og mönnum með vísan í minnisblað framkvæmdastjóra og yfirstandandi vinnu framtíðarhóps.

- f) Minnisblað framkvæmdastjóra og fundargerð vinnuhóps til undirbúnings að sameiginlegu útboði sveitarfélaganna á akstri fyrir fatlað fólk.

Afgreiðslu á beiðni vinnuhópsins um verkefnafé frestað, þar sem frekari upplýsingar og skilgreiningu verkefnisins vantar.

4. Ársreikningur SSH fyrir árið 2011

Fyrir lá endurskoðaður ársreikningur SSH fyrir árið 2011, ásamt áritun endurskoðanda og kjörinna skoðunarmanna.

Stjórn SSH og framkvæmdastjóri SSH árituðu reikninginn



5. Önnur mál

- a) Erindi Skógræktarfélags Íslands frá 27. febrúar 2012 með beiðni um fjráveitingu frá sveitarfélögunum til áframhaldandi vinnu við mótun Græna stígsins og græna trefilsins.

Afgreiðslu frestað

- b) Starfsskýrsla samráðshóps sveitarfélaganna vegna þjónustu við fatlað fólk
Skýrsla starfshópsins ásamt fylgigögnum lögð fram.

Stjórn SSH þakkar greinargóða og vel unna skýrslu

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:05